

132 leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn finni enga ástæðu til að veita umræddri bænarskrá áheyrslu.
26. ágúst.

133 — *Ágrip af bræfi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu*
30. ágúst. *um hreppsnefndar kosningu.* — Eptir að það með dómsmálastjórnarbræfi frá 16. apríl 1873 hafði verið ákveðið, að hin nýju sveitarstjórnarlög skyldu fá fullt gildi vorið 1875, fóru hreppsnefndar kosningar fram í Vesturlandeyjahrepp eins og annarsstaðar vorið 1874. 3 árum eptir að hreppsnefndirnar vorið 1875 höfðu tekið til starfa, eða vorið 1878 fóru fram nýjar kosningar á meiri hluta hreppsnefndarmanna; en þegar síðast liðið vor 1880 6 ár voru liðin, síðan minni hluti hreppsnefndarinnar hafði verið kosinn, ljet oddviti hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyjahreppi fara fram nýja kosningu á 3 hreppsnefndarmönnum. Þessa kosningu ónýtti sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu með úrskurði frá 21. júní þ. á. og lagði fyrir, að hreppsnefndarmenn þeir, sem voru í nefndinni, áður en kosningin fór fram, ættu að halda áfram að gegna nefndarstörfum sínum þangað til vorið 1881, er 6 ár voru liðin frá vordögum 1875, er hreppsnefndirnar höfðu tekið til starfa, og staðfesti landshöfðingi þennan sýslumannsúrskurd, eptir að amtmáður s. d. (30. ágúst) hafði sent hann landshöfðingja samkvæmt 27. grein tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872.

134 — *Bræfi landshöfðingja til biskups um uppbót á prestakalli.* — Samkvæmt
31. ágúst. tillögum yðar, herra biskup, í bræfi frá í gær leggst hjer með 200 króna uppbót sú, sem í bræfi mínu frá 7. apríl þ. á. var ætluð Sandaprestakalli í Dýrafirði með því skilyrði, að það yrði veitt fyrir 31. ágúst þ. á., til Garpsdals prestakalls í Barðastrandarsýslu fyrir yfirstandandi fardagaár, og veitist biskupinum hjer með fullt vald til að setja prestinn á Stað, síra Ólaf prófast Johnsen, til að þjóna nefndu prestakalli, meðan það er prestslaust.

135 — *Ágrip af bræfi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa barna-*
14. sept. *skóla.* — Hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi hafði veitt Thorchillii barnaskóla á Vatnsleysuströnd 200 kr. hvort árið um sig 1880 og 1881. Fyrir því veitti landshöfðingi tjeðum skóla 200 kr. styrk um árið 1880 af fje því, er getur um í 12. gr. C. 7. fjárlaganna.

136 — *Skipun landshöfðingja til landfógeta um þóknun handa sálmabókar-*
14. sept. *nefndinni.* — Biskup hafði skýrt landshöfðingja frá, að nefnd sú, er sett hafði verið til að endurskoða sálmabókina, hefði síðan seint í næstliðnum mánuði átt með sjer daglega fundi og að þeir 4 nefndarmenn, sem ekki ættu heima hjer í bænum, prófastur síra Björn Halldórsson frá Laufási og prestarnir síra Páll Jónsson frá Viðvík, síra Stefán Thorarensen frá Kálfatjörn og síra Valdimar Briem frá Hrepphólum, hefðu óskað eptir því, að sjer yrði borgaður úr almennings sjóði sá beinlínis kostnaður, er þeir hefðu haft við að sækja fundi þessa, og sem myndi hlaupa um 700 kr., en upp í þetta hefði hið íslenska biblíufjelag veitt 300 kr. Fór nú biskup þess á leit, að þær 400 kr., sem eptir yrðu, væru veittar úr landssjóði. Landshöfðingi veitti það, sem þannig hafði verið beðið um, og

skipaði landfógeta að greiða biskupi 400 kr. til hins nefnda augnamíðs af fje því, sem í 6. grein fjárlaganna er veitt til óvissra útgjalda. **136**
14. sept.

— *Brief landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán til jarðabóta á prestssetri.* — Eptir tillögu stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu bræfi frá 16. þ. m. veitist hjer með Valþjófsstaðarprestakalli 1000 kr. lán úr viðlagasjóði landsins til jarðabóta, einkum til að hlada 2 garða hjer um bil 1600 faðma á lengd sumpart til varnar landi prestssetursins og sumpart til endurbóta á engjum þess, þar sem annar garðurinn að nokkru leyti gæti notast sem stíflugarður við vatnsveitingar. Lán þetta er veitt með þeim kjörum, að það verði árlega ávaxtað með 4. af hundraði og endurborgað á 10 árum með 100 kr. árlega, og með þeirri nákvæmari ákvörðun, að báðum gördunum verði komið upp og þeim síðan viðhaldið og skilað við prestaskipti með reglulegri úttektargjörð og ofanálagi eins og öðru því, sem prestsetrinu tilheyrir.

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

— *Brief landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um byggingu á fátækra jörð.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra sýslumaður, um erindi hreppsnefndaroddivitans í Rípurhreppi viðvikjandi hreppseigninni Keflavík, vil jeg biðja yður að tilkynna tjeðri hreppsnefnd, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að hrepps eða fátækrajarðir verði án æðri samþykkis byggðar til fleiri ára eða jafnvel um lífstíð ábúandans, aptur á móti þarf samkvæmt 5ta lið 26. gr. tilsk. 4. maí 1872 samþykkis sýslunefndar til að selja eða veðsetja slíka fasteign, og eins myndi slíkt samþykki nauðsynlegt, ef það kæmi til tals að byggja slíka eign um óvenjulega langan tíma, t. d. 50 ár eður lengur eða um lífstíð fleiri ættliða (erfðabygging).

Hvað sjerstaklega snertir byggingarráðin að eign Rípurhrepps í jörðunni Keflavík, þá er það mál, sem risið hefir út af þeim, dómsmál, og get jeg því þegar af þeirri ástæðu ekki sem stendur farið út í hin einstöku atriði þess.

R e g l u r

fyrir niðurföfnun á kirkjugjaldi samkvæmt lögum 19. september 1879.

1.

Á hús þau, sem húsaskattur hefir verið lagður á samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 (A. 22) skal jafna kirkjugjaldinu niður eptir virðingu þeirri, sem farið hefir fram samkvæmt reglugjörð landshöfðingja frá 18. maí 1878, og ber sýslumönnum og bæjarfógetum fyrir næstu manntalsþing að senda hlutadeigandi kirkjuhöldurum útdrátt, að því er viðkomandi kirkjusókn snertir, úr skránni yfir gjaldskyldar húseignir í lögsagnarumdöminu. Breytingar þær, er síðan kynnu að verða á virðingarverði húsanna, og skýrslur um nýjar gjaldskyldar húseignir, ber sýslumönnum og bæjarfógetum síðan að senda kirkjuhöldurum fyrir nýár ár hvert.

2.

Þau hús eru undanþegin kirkjugjaldi, sem notuð eru við ábúð á jörð, er metin